

Fundargerð (42)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams fimmtudaginn 9. september 2021, kl. 14.30.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Laufey Gissurardóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Kolbeinn Guðmundsson
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Heiða Björk Vignisdóttir boðaði forföll
Verkefnisstjórn: Bergþór Haukdal Jónsson og Bára Hildur Jóhannsdóttir
verkefnisstjóri. Dagný Pind Aradóttir var boðin velkomin til starfa í verkefnisstjórn að nýju eftir fæðingarorlof.
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams.

- 1. Fundargerð 41. fundar** samþykkt.
- 2. Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar og skýrði frá samskiptum og fundum vegna einstakra mála. Rætt um skýrsluna og frumkvæðisathuganir verkefnisstjórnar. Þá upplýsti Inga Rún um aðgerðir og eftirfylgni Sambands ísl. sveitarfélaga við að kalla eftir skilum einstakra sveitarfélaga á upplýsingum til matshóps. Svörun er dræm en nokkur sveitarfélög hafa þó bæst í hóp þeirra sem skilað hafa launagreiðendaupplýsingum fyrir matshópin. Í næstu viku á Sambandið fund með Báru Hildi verkefnisstjóra til að útfæra nánar fyrirkomulag tilsagnar og fræðslu sem sveitarfélögunum verður boðin. Af hálfu stýrihóps var lýst þeirri von að með því tækist að ná til stórs hluta þeirra sveitarfélaga, sem eftir standa, enda er það skylda allra launagreiðenda að skila upplýsingunum til matshópsins.
- 3. Matshópur – staðan.** Kolbeinn gerði grein fyrir því að á grundvelli gagnaskila frá ríki og Reykjavíkurborg megi stýrihópurinn vænta þess að fá fyrstu heildstæðu skýrsluna á næsta fundi. Fram kom að Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu hafa átt samstarf við verkefnisstjórn um útfærslu gagnaskila, og sé vinnslan langt á veg komin.
- 4. Innleiðingarhópar - staðan.** Farið var yfir greinargerð frá Reykjavíkurborg sem lá fyrir í gögnum fundarins. Af hálfu ríkisins var greint munnlega frá stöðunni. Rætt um málin og hvatt til þess að allir innleiðingarhópar skili verkefnisstjóra reglubundið skriflegum upplýsingum um stöðuna.

5. Önnur mál
Engin

Fundi slitið kl. 15.35. Næsti fundur fimmtudaginn 23. september kl. 14.30.
Fundargerð er aðgengileg á Teams.